

Brjef landshöfðingja til biskupsins yfir Íslandi um bænhús í 56
Furufirði — Samkvæmt tillögum yðar, háæruverðugi herra, í brjefi, dagsettu 17. júní 3. þ. m., vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess, að tekið verði upp og notað bænhús það í Furufirði á Ströndum, sem nefut brjef yðar getur um, og með þeim rjettindum, sem þar eru greind, en þau eru: að jarða megi þar lík úr þeim hluta Staðarsóknar í Grunnavík, sem liggur á Ströndum, og að bænhúsið fái legkaup fyrir þau og sömuleiðis ljóstolla af jörðinni Furufirði, og ennfremur, að presturinn að Stað flytji þar 4 messur að sumri og 2 að vetrinum til; þó er samþykki mitt því skilyrði bundið, að notendur bænhúss þessa skuldbindi sig til að annast viðhald þess í tilhlýðilegu standi, og að það sje ávallt útbúið öllum nauðsynlegum áhöldum til guðspjónustu.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norduramtinu og Austur- 57
amtinu um sveitarstýrk. — Með brjefi, dagsettu 17. f. m., hafið 19. júní þjer, herra amtmáður, sent hingað erindi frá hreppsnefndinni í Breiðdalshreppi, um áfrýjun á úrskurði yðar, dagsettum 17. ágúst f. á., um framfærslu stúlku-barnsins Guðrúnar Vilborgar Sigurðardóttur.

Út af þessu skal yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, að með því að jeg verð að öllu leyti að fallast á þennan úrskurð yðar, skal hann standa óraskaður.

Úrskurður amtsins.

Með brjefi dags. 6. f. m. hefir hreppsnefndin í Breiðdalshreppi skýrt mjer frá, að í fyrria vor hafi Ólafur nokkur Sigurðsson, sem er sveitlægur í tjeðum hreppi, verið fluttur þangað fátækraflutningi ásamt konu hans, barni þeirra og barni konu hans Guðrúnu Vilborgu að nafni, sem er skilgetið barn hennar og fyrri manns hennar, Sigurðar nokkurs, er við lát sitt var sveitlægur í Geithellnahreppi. Kveðst hreppsnefndin hafa komið Guðrúnu Vilborgu fyrir, borgað með henni venjulegt ómagameðlag frá 14. maí 1899 til jafnlangdar kr. 69,60 og heimt- að það síðan af framfærslusveit föðurins, en þá hafið þjer, herra sýslumaður, úrskurðað, að þar sem sveitarstýrkur þessi yrði að teljast sem veittur foreldrunum, þá gæti Geithellnahreppi eigi borið nein skylda til að endurborga umgetið ómagameðlag.

Hreppsnefndin hefir eigi viljað una þessum úrskurði; hefir hún því skotið honum til amtsins, og ber það fyrir sig, að 6. gr. fátækrareglugjörðarinnar 8. jan. 1834 ákveði, að börn yngri en 16 ára fylgi föðurins framfærsluheimili. En þótt svo sje, að barnið eigi framfærslu- heimili föðurins, þá kemur sá framfærslurjettur alls eigi til greina, meðan móðir þess lifir. Hreppsnefndin hefir engan rjett til þess, að taka eitt af börnum hennar, koma því á framfæri og telja svo sem móðirin vinni fyrir hinum börnunum, en þetta eina barn eigi að fá sjerstakt framfæri af sveitarfje. Meðan móðirin lifir, þá er allt sem hún og maður hennar þarf af sveit- arsjóði til framfæris sjer og börnum hennar, hvort sem þau eru frá fyrria eða síðara hjónabandi, sveitarstýrkur veittur henni og manni hennar, en alls eigi börnum hennar.

Eg er yður því samdóma um það, að Breiðdalshreppur geti eigi átt neina rjettmæta kröfu til þess að heimta áðurnefnt meðlag með barninu Guðrúnu Vilborgu Sigurðardóttur af Geithellnahreppi, og vil fela yður, að tilkynna hreppsnefndinni í Breiðdalshreppi þennan úr- skurð amtsins.